2209230

**Frá:** Þorgrímur Óli Sigurðsson
**Sent:** föstudagur, 16. september
**Efni:** Sviðspallar

Góðan dag gott fólk!

Í upphafi haustannar Félags eldri borgara Selfossi hefur komið beiðni til stjórnar frá hópi sem fór af stað með leiklestur síðastliðinn vetur um að keyptir verði sviðspallar til notkunar í í Mörk. Um ræðir fjóra palla sem hver er 1 x 2 metrar að stærð í heildina 8 fermetrar. Stjórnin er reiðubúin til að stuðla að kaupum. Verð fjögurra palla er um 540.000 krónur. Þeir eru mjög öflugir og traustir. Spurningin er hvort heimild fáist til að koma svoan pöllum fyrir í Mörk og hitt hvort sveitarfélagið er tilbúið að taka þátt í kostnaði með fjárframlagi. Grunnskólinn á Stokkseyri á sams konar palla sem reynst hafa vel og svo er hitt að það fer ekki mikið fyrir þeim í geymslu. Pallarnir gætu nýst kórum og ýmsu öðru sem væntanlegir leigendur salanna gætu verið að sækjast eftir.

Með bestu kveðju!
Þorgrímur Óli Sigurðsson
formaður Félags eldri borgara Selfossi

Mind tekin í Grunnskólanum á Stokkseyri sem sýnir stafla af sams konar sviðspöllum og verið er að ræða um

